

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1070/2009**2014/EES/4/42**

frá 21. október 2009

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004 til að bæta frammistöðu og sjálfbærni evrópska flugkerfisins (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmd sameiginlegrar stefnu í flutningamálum krefst skilvirks flugsamgöngukerfis sem gerir mögulegt að reka örugga, reglubundna og sjálfbæra flutningaþjónustu í lofti þar sem afköst eru hámarks og greitt fyrir frjálsum vöruflutningum, frjálstri för fólks og frjálstri þjónustustarfsemi.
- 2) Í samþykkt Evrópuþingsins og ráðsins á fyrsta hluta löggjafar um samevrópskt loftrými, nánar tiltekið í reglugerð EB nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽⁴⁾, reglugerð (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ⁽⁵⁾, reglugerð (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ⁽⁶⁾ og reglugerð (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽⁷⁾ er mælt fyrir um traustan lagagrundvöll fyrir samfelld, rekstrarsamhæft og öruggt kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM).

- 3) Til að bregðast við háværi kröfu atvinnugreinarinnar, aðildarríkjanna og annarra hagsmunaaðila um að einfalda regluramman og auka skilvirkni hans fyrir flug í Evrópu var, í nóvember 2006, skipuð nefnd háttsettra embættismanna um framtíð evrópska regluramman um flug (nefnd háttsettra embættismanna). Nefnd háttsettra embættismanna, sem skipuð er fulltrúum meirihluta hagsmunaaðila, skilaði skýrslu í júlí 2007, með tilmælum um hvernig hægt sé að bæta frammistöðu og stjórnunarhætti evrópska flugkerfisins. Nefnd háttsettra embættismanna mælti með því að umhverfinu yrði gefið sama vægi og öryggi og skilvirkni í flugkerfinu og fór fram á að aðilar innan atvinnugreinarinnar og eftirlitsaðilar vinni saman að því að tryggja að rekstrarstjórnun flugumferðar stuðli eins mikið og mögulegt er að sjálfbærni.

- 4) Á fundi sínum, 7. apríl 2008, hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að þróa, í samræmi við tilmæli nefndar háttsettra embættismanna, heildarkerfisstefnu, í samræmi við hugmyndina „frá hliði að hliði“ (e. gate to gate), til að auka öryggi, bæta rekstrarstjórnun flugumferðar og auka kostnaðarhagkvæmni.

- 5) Til þess að fullgera stofnun samevrópsks loftrýmis er nauðsynlegt að samþykkja viðbótarráðstafanir á vettvangi Bandalagsins, sérstaklega til að bæta frammistöðu evrópska flugkerfisins á meginviðum eins og í umhverfismálum, að því er varðar afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni þar sem í öllum tilvikum er höfð hliðsjón af brýnum öryggismarkmiðum. Einnig er nauðsynlegt að aðlaga löggjöf um samevrópskt loftrými að tækniframförum.

- 6) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) ⁽⁸⁾ er hvatt til þess að mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM Master Plan) verði þróuð og henni hrint í framkvæmd. Framkvæmd mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar útheimtir stjórnvaldsráðstafanir til að styðja við þróun, innleiðingu og fjármögnun nýrra hugmynda og tækni. Það skal hafa í för með sér kerfi fullsamræmdra og rekstrarsamhæfðra þátta sem tryggir skilvirka flutninga í lofti í Evrópu. Í áætluninni um framkvæmd samevrópska loftrýmisins skal tekið tillit til þeirra tímamarka sem fyrirhuguð eru fyrir þróunar- og nýtingaráfanga SESAR-áætlunarinnar sem hluta af samevrópska loftrýminu. Ferlarnir tveir skulu vera vandlega samhæfðir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 228/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 182, 4.8.2009, bls. 50.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 120, 28.5.2009, bls. 52.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 25. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. september 2009.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1.

- 7) Hugmyndin um sameiginleg verkefni sem miða að því að aðstoða loftrýmisnotendur eða/og veitendur flugleiðsöguþjónustu við að bæta sameiginlegt grunnvirki flugleiðsögu, veitingu flugleiðsöguþjónustu og notkun loftrýmis, sérstaklega þau verkefni sem nauðsynleg eru við framkvæmd mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar, skulu ekki hafa áhrif á fyrirbyggjandi verkefni og þau sem samþykkt hafa verið af hálfu eins eða fleiri aðildarríkja með svipuð markmið. Ákvæði um fjármögnun vegna nýtingar sameiginlegra verkefna skulu ekki hafa áhrif á hvernig þessi sameiginlegu verkefni eru mótuð. Framkvæmdastjórnin getur lagt til að nota megi fjármagn, t.d. frá samevrópska netkerfinu eða Fjárfestingarbanka Evrópu, til að styðja við sameiginleg verkefni, einkum til að flýta fyrir nýtingu SESAR-áætlunarinnar, innan fjárhagsramma til margra ára. Án þess að hafa áhrif á aðgang að þessu fjármagni, skulu aðildarríki hafa möguleika á að ákveða hvernig ráðstafa skuli tekjum af uppboði á losunarheimildum í flugeiranum samkvæmt kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og taka til athugunar, í þessu sambandi, hvort ráðstafa megi hluta af slíkum tekjum til að fjármagna sameiginleg verkefni innan starfræna loftrýmisumdæmisins.
- 8) Þegar sameiginleg verkefni eru nýtt skal sérstaklega gæta þess, m.a. með ítarlegu og gagnsæju reikningshaldi, að tryggja að sama gjald sé ekki lagt tvisvar á loftrýmisnotendur. Nýta skal sameiginleg verkefni til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila og skal það tryggja jafna meðferð allra.
- 9) Til að tryggja samræmda og áreiðanlega yfirsýn yfir þjónustuveitingu í Evrópu, skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld hafa fullnægjandi sjálfstæði og úrræði. Þetta sjálfstæði skal ekki koma í veg fyrir að yfirvöldin framkvæmi verkefni sín innan stjórnsýslurammans.
- 10) Landsbundin eftirlitsyfirvöld gegna lykilhlutverki í því að koma samevrópska loftrýminu í framkvæmd og framkvæmdastjórnin skal þar af leiðandi auðvelda samvinnu milli þeirra til að gera kleift að skiptast á bestu starfsvenjum og þróa sameiginlega stefnu, m.a. með því að auka samvinnu á svæðisvísu. Þessi samvinna skal viðhöfð reglulega.
- 11) Aðilar vinnumarkaðarins skulu betur upplýsir og hafa skal samráð við þá um allar ráðstafanir sem hafa umtalsverð félagsleg áhrif. Á vettvangi Bandalagsins skal einnig hafa samráð við viðræðunefnd starfsgreina sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/500/EB⁽¹⁾.
- 12) Til að knýja fram bættu frammistöðu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu, er nauðsynlegt að setja ramma um skilgreiningu, framkvæmd og fullnustu bindandi frammistöðumarkmiða á meginsviðum frammistöðu í samræmi við stefnumið Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Ómissandi þáttur í slíkum ramma skal vera viðeigandi tilhögun skýrslugjafar, rannsókna, mats og miðlun gagna um frammistöðu rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu ásamt viðeigandi styrkjakerfi til að hvetja til þess að markmiðin náist.
- 13) Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu hafa sveigjanleika til að endurspeglar sérstakar landsbundnar- eða svæðisbundnar aðstæður við mótun landsbundinna- eða svæðisbundinna áætlana. Þegar landsbundið skipulag er samþykkt eða innleitt skulu aðildarríkin hafa rétt til að gera viðeigandi breytingar.
- 14) Þegar gjald fyrir flugleiðsöguþjónustu er ákveðið skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin leitast við að nota sameiginlegar spár. Í þeim tilvikum þar sem umtalsverð frávik eru frá umferðarspám, skal leyfa tiltekinn sveigjanleika, einkum þegar notað er viðbúnaðarkerfi.
- 15) Þegar aðildarríkin taka ákvörðun um kostnað á landsvísu eða á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, sem ætlunin er að loftrýmisnotendur deili með sér, skulu þau taka mið af frammistöðumarkmiðum.
- 16) Þegar þjónusta er veitt yfir landamæri skulu aðildarríkin tryggja að ekkert réttarkerfi ríkis banni tilnefningu veitanda flugumferðarþjónustu á þeim forsendum að hann hafi ekki staðfestu í öðru aðildarríki eða sökum þess að hann er í eigu ríkisborgara þess aðildarríkis.
- 17) Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja hátt öryggisstig, m.a. með því að gefa út sérstakt vottorð fyrir hverja tegund flugleiðsöguþjónustu, þar sem þörfin fyrir kostnaðarhagkvæmni og samræmi er virt og komið er í veg fyrir tvítekningu.
- 18) Starfrænu loftrýmisumdæmin skipta sköpum í því að styrkja samstarf á milli veitanda flugleiðsöguþjónustu til að bæta frammistöðu og stuðla að samlegðaráhrifum. Aðildarríkin skulu koma á fót starfrænum loftrýmisumdæmum innan hæfilegra tímamarka. Í þeim tilgangi og til að nýta sem best tengslin milli starfrænu loftrýmisumdæmanna í samevrópska loftrýminu skulu hlutaðeigandi aðildarríki vinna saman, og eftir því sem við á, einnig með þriðju löndum.
- 19) Þegar aðildarríki koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi, hafa hin aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og aðrir hagsmunaaðilar tækifæri til að leggja fram athugasemdir í þeim tilgangi að auðvelda skoðanaskipti. Athugasemdirnar skulu einungis vera ráðgefandi fyrir þau aðildarríki sem um er að ræða.

(¹) Stjóttö. EB L 225, 12.8.1998, bls. 27.

- 20) Ef upp koma erfiðleikar í samningaviðræðuferlinu, að því er varðar stofnun starfrænu loftrýmisumdæmanna, er framkvæmdastjórninni heimilt að tilnefna samræmingaraðila fyrir starfræna loftrýmisumdæmið (samræmingaraðilinn). Verkefni samræmingaraðilans skal miða að því að veita aðstoð við að sigrast á slíkum erfiðleikum án þess að hrófla við fullveldisrétti viðkomandi aðildarríkis eða aðildarríkja og, eftir því sem við á, þriðju landa sem eru hluti af sama starfræna loftrýmisumdæminu. Kostnaður, sem stofnað er til vegna starfsemi samræmingaraðilans, skal ekki hafa áhrif á fjárhagsáætlanir aðildarríkjanna.
- 21) Skýrslur framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á frammistöðu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) og lokaskýrsla nefndar háttsettra embættismanna er staðfesting á því að ekki er unnt að þróa flugleiðakerfi og skipulag loftrýmis á einangraðan hátt þar sem sérhvert aðildarríki er óaðskiljanlegur hluti af evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, bæði innan og utan Bandalagsins. Þar af leiðandi skal samþætta smám saman rekstur loftrýmis fyrir almenna flugumferð.
- 22) Með tilliti til stofnunar starfrænu loftrýmisumdæmanna og frammistöðukerfis skal framkvæmdastjórnin ákvarða og taka tillit til nauðsynlegra skilyrða fyrir Bandalagið til að stofna samevrópskt flugupplýsingasvæði (SEFIR) sem aðildarríkin óska eftir við Alþjóðaflugmálastofnunina í samræmi við viðurkennt verklag stofnunarinnar og réttindi, skyldur og ábyrgð aðildarríkjanna samkvæmt samningnum um alþjóðlegt almenningsflug sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn). Samevrópskt flugupplýsingasvæði, sem sameinar loftrými á vegum aðildarríkjanna, skal auðvelda sameiginlega áætlanagerð og samþættingu aðgerða til að koma í veg fyrir svæðisbundna flöskuhálsa. Slíkt samevrópskt flugupplýsingasvæði skal hafa nauðsynlegan sveigjanleika til að endurspeglar sérstakar þarfir, t.d. umferðarálag og flækjustig.
- 23) Loftrýmisnotendur búa ekki allir við sömu skilyrði að því er varðar aðgang að loftrými Bandalagsins og frelsi til að hreyfa sig innan þess. Þetta er vegna skorts á samræmdum reglum um flugumferð í Bandalaginu og einkum vegna skorts á samræmdri skipun loftrýmis í flokk. Framkvæmdastjórnin skal þar af leiðandi samræma slíkar reglur á grundvelli staðals Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 24) Hanna skal evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN) og hrinda því í framkvæmd með það í huga að tryggja öryggi, umhverfislega sjálfbærni, afkastaaukningu og aukna kostnaðarhagkvæmni alls loftflutningansins. Eins og lögð er áhersla á í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á frammistöðu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu sem ber yfirskriftina „Mat á framtaksverkefnum í tengslum við starfrænu loftrýmisumdæmin og framlagi þeirra til bættrar frammistöðu“ frá 31. október 2008, gæti verið best að tryggja þetta með samræmdri stjórnun loftflutningansins á vettvangi Bandalagsins.
- 25) Í samræmi við yfirlýsingu aðildarríkjanna um hernaðarleg málefni sem tengjast samevrópska loftrýminu og fylgir reglugerð (EB) nr. 549/2004 skal samvinna og samræming milli borgaralegra yfirvalda og hermálafyrvalda gegna veigamiklu hlutverki í framkvæmd samevrópska loftrýmisins í því skyni að stuðla að auknum sveigjanleika í notkun loftrýmis til að ná frammistöðumarkmiðum samevrópska loftrýmisins með hliðsjón af skilvirkni hernaðarverkefna.
- 26) Mikilvægt er að koma á sameiginlegu, samhæfðu skipulagi loftrýmis að því er varðar flugleiðir, til að grundvalla núverandi skipulag loftrýmis og framtíðarskipulag þess á sameiginlegum meginreglum, til að tryggja að mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar verði hrint í framkvæmd í áföngum í því skyni að nýta sem best takmörkuð úrræði til að koma í veg fyrir óþarfa kostnað vegna búnaðar og til að hanna og stjórna loftrými í samræmi við samhæfðar reglur. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin bera ábyrgð á því að samþykka nauðsynlegar reglur og framkvæma ákvarðanir sem hafa lagalega bindandi áhrif í för með sér.
- 27) Breyta skal skrá yfir verkefni að því er varðar stjórnun og hönnun netsins, til að fella inn í hana, ef þörf er á, síðari verkefni netsins sem skilgreind eru í mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar. Þegar framkvæmdastjórnin gerir þetta skal hún nýta, eins og mögulegt er, sérþekkingu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.
- 28) Nefnd háttsettra embættismanna hefur mælt til þess að mótuð verði ný eða bætt verkefni á grundvelli þeirra sem fyrir eru þar sem hlutverki Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu er gert hærra undir höfði, samtímis og Bandalagið er fest í sessi sem eini eftirlitsaðilinn og meginreglur um aðgreiningu reglusetningar og veitingu þjónustu eru virtar. Þar af leiðandi skal framkvæmdastjórnin fela endurbætti Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, sem hefur fest í sessi nýtt fyrirkomulag stjórnunarháttá, framkvæmd verkefna er varða ýmis konar starfsemi og fela ekki í sér samþykkt bindandi, almennra ráðstafana eða beitingu pólitískts mats. Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu skal framkvæma þessi verkefni á óhlutdrægan og kostnaðarhagkvæman hátt með fullri þátttöku loftrýmisnotenda og veitenda flugleiðsöguþjónustu.
- 29) Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að auka skilvirkni flæðisstjórnunar flugumferðar í því skyni að styðja við fyrirliggjandi rekstrareiningar, þ.m.t. yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, til að tryggja skilvirkni flugreksturs. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðaáætlun fyrir afköst, skilvirkni og öryggi flugvalla í Evrópu er þar að auki lögð áhersla á nauðsyn þess að tryggja rekstrarsamræmi á milli flugáætlana og afgreiðslutíma á flugöllum. Auk þess getur athugunarstöð Bandalagsins á sviði afkastagetu flugvalla veitt aðildarríkjum aðstoð með því að útvega þeim hlutlægar upplýsingar til að samræma afkastagetu flugvalla og rekstrarstjórnun flugumferðar, sbr. þó geta þeirra á þessu sviði.

- 30) Veiting nýrra, traustra flugmálaupplýsinga í hæsta gæðaflokki og með góðum fyrirvara hefur umtalsverð áhrif á öryggi og greiðir fyrir aðgangi að loftrými Bandalagsins og frjálsri för innan þess. Með hliðsjón af mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar skal Bandalagið hafa frumkvæði að því að nútímavæða þennan geira í samstarfi við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu og tryggja að notendum sé gert kleift að nálgast gögn á sameiginlegum, opinberum stað sem veitir nýjar, notendavænar, fullgildar og samþættar upplýsingar.
- 31) Að því er rafrænu gáttina um veðurupplýsingar varðar skal framkvæmdastjórnin taka tillit til mismunandi upplýsingaveitna, þ.m.t. frá tilnefndum þjónustuveitendum, þar sem það á við.
- 32) Til að forðast óþarfa stjórnsýsluálag og skörun á verklagsreglum við sannpröfing skal útgáfa vottorða, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu⁽¹⁾, samþykkt í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar þegar hún gildir um kerfishluta eða kerfi.
- 33) Vottorði, sem gefið er út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og notað er til að sýna fram á hvernig unnt er með öðrum hætti að viðhalda samræmi við grunnkröfur reglugerðar (EB) nr. 552/2004, skal fylgja tækniskjal eins og krafist er við útgáfu vottorðs af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).
- 34) Tilteknar kröfur reglugerðar (EB) nr. 552/2004 skulu ekki gilda um kerfi sem tekin voru í notkun fyrir 20. október 2005. Landsbundin eftirlitsyfirlönd og veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu hafa möguleika á að samþykkja, á landsvísu, þá málsmeðferð og þær upplýsingar sem krafist er til að sýna fram á að kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, sem voru í notkun fyrir 20. október 2005, samrýmist ákvæðum um grunnkröfur reglugerðar (EB) nr. 552/2004. Í framkvæmdareglum og Bandalagsforskriftum, sem eru samþykktar eftir að þessi reglugerð er samþykkt, skal tekið tillit til þessarar tilhögunar og skal það ekki hafa í för með sér afturvirkar kröfur um skjalfestar sannanir.
- 35) Nefnd háttsettra embættismanna mælti með því í lokaskýrslu sinni til framkvæmdastjórnarinnar að í SESAR-áætluninni skuli sérstaklega fjallað um skilgreiningu á rekstrarsamhæfðum verklagsreglum, kerfum og upplýsingaskiptum innan Evrópu og við önnur lönd. Þetta felur einnig í sér þróun viðeigandi staðla og tilgreiningu nýrra framkvæmdareglna eða Bandalagsforskrifta í tengslum við samevrópskt loftrými.
- 36) Þegar framkvæmdarráðstafanir eru samþykktar, þ.m.t. staðlar, sem mælt er fyrir um af hálfu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, skal framkvæmdastjórnin tryggja að ráðstafanirnar feli í sér allar nauðsynlegar úrbætur á upphaflegu stöðlunum og að tekið verði fullt tillit til þeirrar þarfar að koma í veg fyrir tvöfalt regluverk.
- 37) Samtímis því að ná því markmiði að gera öryggisstaðla fyrir flugumferð strangari og bæta heildarframmistöðu rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu fyrir almenna flugumferð í Evrópu er þess krafist að tekið sé tillit til hins mannlega þáttar. Því skulu aðildarríkin íhuga að innleiða meginreglur um „sanngirnismenningu“ (e. *just culture*).
- 38) Með tilliti til fyrirhugaðrar rýmkunar valdsviðs Flugöryggisstofnunar Evrópu þannig að það feli einnig í sér öryggi rekstrarstjórnunar flugumferðar skal tryggja samræmi á milli reglugerða (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004, (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008.
- 39) Nauðsynlegar ráðstafanirnar til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽²⁾. Samþykkja skal þessar ráðstafanir innan hæfilegra tímamarka til að unnt sé að standa við þann frest sem settur er fram í þessari reglugerð og reglugerðum (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004, (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008.
- 40) Einkum skal veita framkvæmdastjórninni umboð til að endurskoða ráðstafanir vegna tæknilegrar eða rekstrarlegrar þróunar ásamt því að mæla fyrir um grunnviðmið og verklagsreglur til að beita við tiltekin netstjórnunarverkefni. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í reglugerðum (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004, m.a. með nýjum viðbótaratriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndar meðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 41) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að virða hefðbundinn frest í tengslum við reglunefndar meðferð með grannskoðun skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 42) Yfirlýsing ráðherra um flugvöllinn á Gíbraltar, sem samþykkt var í Cordoba 18. september 2006 (yfirlýsing ráðherra) á fyrsta ráðherrafundi samráðsvettvangs um Gíbraltar, mun koma í stað sameiginlegrar yfirlýsingar um flugvöllinn á Gíbraltar, sem gefin var í London 2. desember 1987, og ef yfirlýsingunni er fylgt í einu og öllu er litið svo á að yfirlýsingunni frá 1987 sé einnig fylgt.

(¹) Stjótið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(²) Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 43) Reglugerð þessi gildir að fullu um flugvöllinn á Gíbraltar í tengslum við og með skírskotun til yfirlýsingar ráðherra. Með fyrirvara um yfirlýsingu ráðherra skal beiting hennar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar og allar ráðstafanir sem tengjast framkvæmd hennar vera í fullu samræmi við þessa yfirlýsingu og allt fyrirkomulag sem í henni felst.
- 44) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 549/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með framtakverkefninu um samevrópsk loftrými er að bæta núverandi flugöryggisstaðla, að stuðla að sjálfbærri þróun flugsamgöngukerfisins og að bæta heildarframmistöðu rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu fyrir almenna flugumferð í Evrópu, í því skyni að uppfylla kröfur allra loftrýmisnotenda. Samevrópska loftrýmið skal samanstanda af samfelldu samevrópsku neti flugleiða, kerfi fyrir netstjórnun og kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem eingöngu eru grundvölluð á öryggi, skilvirkni og tæknilegum forsendum, í þágu allra loftrýmisnotenda. Til að ná þessu markmiði er í þessari reglugerð kveðið á um samræmdan regluramma um stofnun samevrópsks loftrýmis.

2. Beiting þessarar reglugerðar og ráðstafananna, sem um getur í 3. gr., skulu vera með fyrirvara um yferráðarétt aðildarríkjanna yfir eigin loftrými og kröfur aðildarríkjanna varðandi allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál eins og sett er fram í 13. gr. Þessi reglugerð og ráðstafanirnar, sem um getur í 3. gr., taka ekki til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs.

3. Beiting þessarar reglugerðar og ráðstafana, sem um getur í 3. gr., skal vera með fyrirvara um réttindi og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug frá 1944 (Chicago-samningnum). Í þessu samhengi er viðbótarmarkmið þessarar reglugerðar, á þeim sviðum sem hún tekur til, að aðstoða aðildarríkin við að rækja skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum með því að leggja grunn að sameiginlegri túlkun og samræmdri framkvæmd ákvæða hans og með því að tryggja að tekið verði tilhlýðilegt tillit til þessara ákvæða í þessari reglugerð og í reglunum um framkvæmd hennar.

4. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánnar né Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að því er varðar ágreining um yferráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.“

2. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8. „loftrýmisnotendur“: umráðendur loftfara sem eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð,“.

- b) Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:

„10. „rekstrarstjórnun flugumferðar“: samstillt stjórnun í lofti og á jörðu niðri (flugumferðarþjónusta, stjórnun loftrýmis og flæðisstjórnun flugumferðar) sem krafist er til að tryggja örugga og skilvirka hreyfingu loftfars á öllum stigum starfrækslu,“.

- c) Eftirfarandi liður bætist við:

„13a. „mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar“: skipulag sem ráðið samþykkti með ákvörðun ráðsins 2009/320/EB [], í samræmi við 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) [],“.

(*) Stjtið. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 41.

(**) Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1.“

- d) Í stað 15. liðar komi eftirfarandi:

„15. „starfsleyfi“: skjal, útgefið af landsbundinni eftirlitsstofnun sem samræmist landslögum og staðfestir að sá sem veitir flugleiðsöguþjónustu uppfylli skilyrði fyrir veitingu tiltekinna þjónustu,“.

- e) Ákvæði 21. liðar falli brott.

- f) Í stað 22. liðar komi eftirfarandi:

„22. „sveigjanleg notkun loftrýmis“: hugmynd að stjórnun loftrýmis sem er notuð á yferráðasvæði Evrópusambands flugmálastjórna sem byggist á „Handbók um stjórnun loftrýmis að því er varðar beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis“ sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu gaf út,“.

g) Eftirfarandi liður bætist við:

„23a. „flugupplýsingaþjónusta“: þjónusta sem veitt er í þeim tilgangi að veita ráð og upplýsingar sem eru gagnleg fyrir örugga og skilvirka framkvæmd flugs,

23b. „viðbúnaðarþjónusta“: þjónusta sem veitt er til að tilkynna viðeigandi stofnunum um loftför sem þarfnast leitar- og björgunaraðstoðar og til að aðstoða slíkar stofnanir eftir þörfum,“.

h) Í stað 25. liðar komi eftirfarandi:

„25. „starfrænt loftrýmisumdæmi“: loftrýmisumdæmi sem byggist á rekstrarkröfum og er komið á fót án tillits til landamæra þar sem veiting flugleiðsöguþjónustu og tengdra verkefna eru árangursdrifin og háværkuð með það í huga að innleiða, í hverju starfrænu loftrýmisumdæmi fyrir sig, aukið samstarf á milli veitenda flugleiðsöguþjónustu eða, eftir því sem við á, samþættan þjónustuveitanda,“.

i) Ákvæði 37. liðar falli brott.

j) Eftirfarandi liður bætist við:

„41. „þjónusta yfir landamæri“: hvers konar aðstæður þar sem flugleiðsöguþjónusta er veitt í aðildarríki af hálfu þjónustuveitanda sem hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki.“

3. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Landsbundin eftirlitsyfirvöld

1. Aðildarríkin skulu, sameiginlega eða hvert fyrir sig, tilnefna eða koma á fót einni eða fleiri stofnunum, sem gegna hlutverki landsbundins eftirlitsyfirvalds, til að takast á hendur verkefnum sem slíku yfirvaldi er úthlutað samkvæmt þessari reglugerð og samkvæmt ráðstöfunum sem um getur í 3. gr.

2. Landsbundnu eftirlitsyfirvöldin skulu vera óháð veitendum flugleiðsöguþjónustu. Unnt er að fullnægja þessari kröfu um óháði með fullnægjandi aðgreiningu, a.m.k. á starfræna stiginu, á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda og slíkra veitenda.

3. Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu beita heimildum sínum á óhlutdrægan, óháðan og gagnsæjan hátt. Þessu skal ná fram með viðeigandi stjórnun og eftirlitskerfum, þ.m.t. innan stjórnsýslu aðildarríkis. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að landsbundin eftirlitsyfirvöld annist verkefni sín innan ramma skipulagsreglna landsbundinna flugmálayfirvalda í almenningsskiptum eða annarra opinberra aðila.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að landsbundin eftirlitsyfirvöld hafi nauðsynleg úrræði og getu til að framkvæma þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt þessari reglugerð á skilvirkan hátt og með góðum fyrirvara.

5. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisföng landsbundinna eftirlitsyfirvalda ásamt breytingum á þeim og ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja samræmi við 2., 3. og 4. mgr.“

4. Í stað 4. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

5. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.“

5. Eftirfarandi komi í stað 6. -11. gr.:

„6. gr.

Samráðshópur um flugsamgöngur

Með fyrirvara um hlutverk nefndarinnar og Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu skal framkvæmdastjórnin koma á fót „samráðshópi um flugsamgöngur“ sem veitendur flugleiðsöguþjónustu, samtök loftrýmisnotenda, flugvellir, fluggeirinn og fulltrúar fagfélaga eru hluti af. Hlutverk þessa hóps skal eingöngu vera að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um tæknileg atriði varðandi framkvæmd samevrópsks loftrýmis.

7. gr.

Tengsl við þriðju lönd innan Evrópu

Bandalagið og aðildarríki þess skulu hafa það sem markmið að vikka út samevrópska loftrýmið og styðja útvíkkun þess svo það nái til landa sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu. Í því skyni skulu þau leitast við, annaðhvort innan ramma samninga sem gerðir hafa verið við aðliggjandi þriðju lönd eða í tengslum við samninga um starfræn loftrýmisumdæmi, að rýmka gildissvið þessarar reglugerðar og þeirra ráðstafana sem um getur í 3. gr. svo hún nái til þessara landa.

8. gr.

Framkvæmdarreglur

1. Til að þróa framkvæmdarreglur er framkvæmdastjórninni heimilt að veita Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða, þar sem við á, öðrum aðila umboð þar sem tilgreind eru þau verkefni sem á að inna af hendi og tímaáætlun fyrir þau með tilliti til viðeigandi frests sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal fylgja ráðgjafarnefndar-meðferðinni sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Þegar framkvæmdastjórnin hyggst veita umboð í samræmi við 1. mgr. skal hún leitast við að nýta sér sem best gildandi fyrirkomulag varðandi þátttöku og samráð allra hagsmunaaðila þar sem þetta fyrirkomulag samsvarar starfsaðferðum framkvæmdastjórnarinnar um gagnsæi og samráð og stangast ekki á við stofnanaskuldbindingar hennar.

9. gr.

Viðurlög

Viðurlög við brotum, sem aðildarríkin skulu mæla fyrir um, á ákvæðum þessarar reglugerðar og ráðstafananna, sem um getur í 3. gr., einkum af hálfu loftrýmisnotenda og þjónustuveitenda, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

10. gr.

Samráð við hagsmunaaðila

1. Aðildarríkin, sem starfa samkvæmt eigin lögum, skulu koma á fót samráðsvettvangi til að hagsmunaaðilar, þ.m.t. fulltrúar fagfélaga, geti tekið þátt í framkvæmd samevrópska loftrýmisins með viðeigandi hætti.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót samráðsvettvangi innan Bandalagsins. Hin tilgreinda viðræðunefnd starfsgreina, sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun 98/500/EB, skal taka þátt í samráðinu.

3. Samráð við hagsmunaaðila skal einkum fela í sér þróun og innleiðingu nýrra hugmynda og tækni fyrir evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

Hagsmunaaðilarnir geta verið:

- veitendur flugleiðsöguþjónustu,
- rekstraraðilar flugvalla,
- viðkomandi loftrýmisnotendur eða tengdir hópar sem eru í fyrirsvari fyrir loftrýmisnotendur,
- hermálafyrirvöld,
- fluggeirinn og
- fulltrúar fagfélaga.

11. gr.

Frammistöðukerfi

1. Til að bæta frammistöðu flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta í samevrópska loftrýminu, skal koma á fót frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta. Það skal fela í sér:

a) frammistöðumarkmið í gervöllu Bandalaginu á meginsviðum frammistöðu eins og á sviði öryggismála, umhverfismála, afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni,

b) landsbundið skipulag eða skipulag fyrir starfræn loftrýmisumdæmi, þ.m.t. frammistöðumarkmið, sem tryggir samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Bandalaginu og

c) reglubundna endurskoðun, vöktun og setningu viðmiðana fyrir frammistöðu flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta.

2. Í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., getur framkvæmdastjórnin tilnefnt Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða annan óhlutdrægan og þar til bærán aðila til að fara með hlutverk „aðila sem endurskoðar frammistöðu“. Hlutverk aðila sem endurskoðar frammistöðu skal vera að aðstoða framkvæmdastjórnina, í samstarfi við landsbundin eftirlitsyfirvöld, og að aðstoða landsbundin eftirlitsyfirvöld, samkvæmt beiðni, við framkvæmd frammistöðukerfisins sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að aðili sem endurskoðar frammistöðu sé óháður þegar hann framkvæmir þau verkefni sem honum eru falin af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

3. a) framkvæmdastjórnin skal samþykkja frammistöðumarkmið að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. með tilliti til viðeigandi framlags frá eftirlitsyfirvöldum á landsvísu eða á sviði starfræna loftrýmisumdæmisins,

b) áætlun um landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal samin af hálfu landsbundinna eftirlitsyfivalda og samþykkt af hálfu aðildarríkis eða aðildarríkja; áætlunirnar skulu fela í sér bindandi, landsbundin markmið eða markmið á sviði starfrænu loftrýmisumdæmanna og viðeigandi hvatakerfi sem samþykkt er af hálfu aðildarríkis eða aðildarríkja; semja skal drög að áætlunum í samráði við veitendur flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendur og, þar sem við á, rekstraraðila flugvalla og samræmingaraðila flugvalla,

c) framkvæmdastjórnin skal meta hvort markmið landsbundnu eða starfrænu loftrýmisumdæmanna séu í samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Bandalaginu með því að nota matsviðmiðanirnar sem um getur í d-lið 6. mgr.

Ef framkvæmdastjórnin kemst að því að eitt eða fleiri markmið landsbundinna eða starfræna loftrýmisumdæma uppfylla ekki matsviðmiðanirnar getur hún ákveðið, í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., að gefa út tilmæli um að viðkomandi landsbundin eftirlitsyfirvöld leggi til að frammistöðumarkmiðin verði endurskoðuð. Viðkomandi eitt eða fleiri aðildarríki skulu samþykkja endurskoðuð frammistöðumarkmið og viðeigandi ráðstafanir sem tilkynna skal framkvæmdastjórninni innan hæfilegs tíma.

Komist framkvæmdastjórnin að því að endurskoðuð frammistöðumarkmið og viðeigandi ráðstafanir séu ekki fullnægjandi, getur hún ákveðið, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr., að hlutaðeigandi aðildarríki skuli gera ráðstafanir til úrbóta.

Að öðrum kosti getur framkvæmdastjórnin ákveðið, með fullnægjandi sönnunargögnum, að endurskoða frammistöðumarkmið í gervöllu Bandalaginu í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr.,

- d) viðmiðunartímabilið fyrir frammistöðukerfið skal vera a.m.k. þrjú ár en að hámarki fimm ár. Ef markmiðum landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma er ekki náð á þessu tímabili, skulu aðildarríkin og/eða landsbundin eftirlitsyfirvöld grípa til viðeigandi ráðstafana sem þau hafa skilgreint; fyrsta viðmiðunartímabilið skal taka til fyrstu þriggja árunna í kjölfar samþykktar framkvæmdarreglnanna sem um getur í 6. mgr.,
- e) framkvæmdastjórnin skal framkvæma reglubundið mat á árangri í tengslum við frammistöðumarkmiðin og kynna niðurstöðurnar fyrir nefnd um samevrópskt loftrými.

4. Eftirfarandi verklagsreglur skulu gilda um frammistöðukerfið sem um getur í 1. mgr.:

- a) söfnun, fullgilding, rannsókn, mat og miðlun viðeigandi gagna sem tengjast frammistöðu flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta af hálfu allra viðkomandi aðila, þ.m.t. veitendur flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendur, rekstraraðilar flugvalla, landsbundin eftirlitsyfirvöld, aðildarríki og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu,
- b) val á viðeigandi meginsviðum frammistöðu á grundvelli skjals Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9854 „Rekstrarhugmynd um hnattræna rekstrarstjórnun flugumferðar“, og í samræmi við þau svið sem auðkennd eru í frammistöðuramma mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar, þ.m.t. öryggismál, umhverfismál, afkastageta og kostnaðarhagkvæmni, sem eru aðlöguð, ef nauðsyn krefur, svo tekið sé mið af sérstökum þörfum samevrópska loftrýmisins og viðeigandi markmiðum fyrir þessi svið og skilgreiningu á takmörkuðum fjölda meginvísa frammistöðu til að mæla hana,
- c) ákvörðun frammistöðumarkmiða í gervöllu Bandalaginu sem skulu skilgreind að teknu tilliti til framlaga sem auðkennd eru á landsvísu eða á sviði starfræna loftrýmisumdæmanna,
- d) mat á frammistöðumarkmiðum landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma á grundvelli áætlunar um landsbundin eða starfræn loftrýmisumdæmi og

- e) vöktun landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma, þ.m.t. viðeigandi viðbúnaðarkerfi.

Framkvæmdastjórnin getur bætt fleiri verklagsreglum á skrána yfir verklagsreglur sem um getur í þessari málsgrein. Þessar ráðstafanir, sem eru ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, með því að bæta við hana skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 5. gr.

5. Við mótnun frammistöðukerfisins skal tekið tillit til þess að leiðarþjónusta, aðflugssvæðaþjónusta og starfsemi neta eru mismunandi og þar af leiðandi skulu þau meðhöndluð í samræmi við það, að teknu tilliti til frammistöðumælingar, ef nauðsyn krefur.

6. Til að ákvarða á hvaða hátt frammistöðukerfið skuli starfa í smáatriðum skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 4. desember 2011 og innan hæfilegra tímamarka, í því skyni að standa við þann frest sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, samþykka framkvæmdarreglur í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 5. gr. Þessar framkvæmdareglur skulu taka til eftirfarandi:

- a) inntaks og tímaáætlunar fyrir verklagsreglurnar sem um getur í mgr. 4.,
- b) viðmiðunartímabils og tímabils þar sem árangur frammistöðumarkmiðanna er metinn og ný markmið sett,
- c) viðmiðana vegna vinnu landsbundinna eftirlitsyfirvalda við frammistöðuáætlunir landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma sem skulu fela í sér frammistöðumarkmið landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma og hvatakerfi. Frammistöðuáætlunir skulu:
- i. byggjast á viðskiptaáætlunum veitenda flugleiðsöguþjónustu,
 - ii. fjalla um alla kostnaðarþætti í kostnaðargrunni landsbundins eða starfræns loftrýmisumdæmis,
 - iii. fela í sér bindandi frammistöðumarkmið í samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Bandalaginu,
- d) viðmiðana til að meta hvort markmið landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma samrýmist frammistöðumarkmiðum í gervöllu Bandalaginu á viðmiðunartímabilinu og til að styðja við viðbúnaðarkerfi,
- e) meginreglna við uppsetningu hvatakerfis af hálfu aðildarríkjanna,
- f) meginreglna vegna beitingar umbreytingarkerfis sem er nauðsynlegt sökum aðlögunar að starfsemi frammistöðukerfisins og sem skal ekki vara lengur en 12 mánuði eftir að framkvæmdareglurnar hafa verið samþykktar.“

6. Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 46. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal reglulega endurskoða beitingu þessarar reglugerðar og ráðstafana, sem um getur í 3. gr., og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu þar að lútandi, í fyrsta sinn eigi síðar en 4. júní 2011 og síðan í lok hvers viðmiðunartímabils sem um getur í d-lið 3. mgr. 11. gr. Með hliðsjón af þessu má framkvæmdastjórnin, þegar hún getur rökstutt það, óska eftir upplýsingum frá aðildarríkjunum til viðbótar við þær upplýsingar sem er að finna í skýrslunum sem þau lögðu fram í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Skýrslurnar skulu hafa að geyma mat á niðurstöðum aðgerða, sem gripið var til samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um þróun í geiranum, einkum að því er varðar efnahagslega, félagslega, umhverfislega, starfstengda og tæknilega þætti svo og gæði þjónustunnar, í ljósi upprunalegu markmiðanna og með hliðsjón af framtíðarþörfum.“

7. Eftirfarandi grein bætist við:

„13. gr. a

Flugöryggisstofnun Evrópu

Við framkvæmd þessarar reglugerðar og reglugerðanna (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004, (EB) nr. 552/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflugs og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (*), skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, í samræmi við hlutverk þeirra, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, vera í samstarfi við, eins og við á, Flugöryggisstofnun Evrópu til að tryggja að fjallað sé um alla öryggisþætti á tilhlýðilegan hátt.

(*) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.“

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 550/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2.-4. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Verkefni landsbundnu eftirlitsfirvaldanna

1. Landsbundnu eftirlitsfirvöldin, sem um getur í 4. gr. rammareglugerðarinnar, skulu tryggja viðeigandi eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er

varðar öruggan og skilvirkan rekstur veitenda flugleiðsöguþjónustu í tengslum við loftrými sem er á ábyrgð aðildarríkisins sem tilnefndi viðkomandi yfirvald eða kom því á fót.

2. Í þessu skyni skulu landsbundin eftirlitsfirvöld skipuleggja tilskildar skoðanir og kannanir til að ganga úr skugga um að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar, þ.m.t. kröfur um mannauð við veitingu flugleiðsöguþjónustu. Sá sem veitir flugleiðsöguþjónustu skal greiða fyrir slíku starfi.

3. Í tengslum við starfræn loftrýmisumdæmi, sem ná yfir loftrýmið og eru á ábyrgð fleiri en eins aðildarríkis, skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera með sér samning um eftirlit, sem kveðið er á um í þessari grein, að því er varðar veitendur flugleiðsöguþjónustu sem veita þjónustu í tengslum við þessi umdæmi.

4. Landsbundin eftirlitsfirvöld skulu vinna náið saman til að tryggja fullnægjandi eftirlit með veitendum flugleiðsöguþjónustu sem hafa gilt starfsleyfi í einu aðildarríki en veita einnig þjónustu í tengslum við loftrými sem er á ábyrgð annars aðildarríkis. Slík samstarf skal fela í sér samkomulag um það hvernig eigi að meðhöndla tilvik þar sem ekki er farið að gildandi, sameiginlegum kröfum, sem settar eru fram í 6. gr., eða að skilyrðunum í II. viðauka.

5. Þegar um er að ræða veitingu flugleiðsöguþjónustu yfir landamæri, skal slíkt fyrirkomulag fela í sér samþykki á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsverkefna sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. og í niðurstöðum þessara verkefna. Þessi gagnkvæma viðurkenning skal einnig gilda í tengslum við fyrirkomulag viðurkenningar meðal landsbundinna eftirlitsfirvalda þegar þjónustuveitendum er veitt starfsleyfi.

6. Ef það samrýmist landslögum og með tilliti til svæðisbundinnar samvinnu, mega landsbundin eftirlitsfirvöld gera með sér samninga um að skipta með sér ábyrgð í tengslum við eftirlitsverkefni.

3. gr.

Hæfir aðilar

1. Landsbundnum eftirlitsfirvöldum er heimilt að ákveða að úthluta, að öllu leyti eða að hluta til, skoðunum og könnunum, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., til viðurkenndra stofnana sem uppfylla kröfurnar í I. viðauka.

2. Slík úthlutun af hálfu landsbundinna eftirlitsfirvalda skal vera gild innan Bandalagsins í þrjú ár með möguleika á endurnýjun. Landsbundnum eftirlitsfirvöldum er heimilt að fyrirskipa sérhverjum þessara hæfu aðila, sem eru staðsettir í Bandalaginu, að annast þessar skoðanir og kannanir.

4. gr.

Öryggiskröfur

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, samþykkja framkvæmdarreglur og fella inn viðeigandi ákvæði reglufestra öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (ESARR) og síðari breytingar á þessum kröfum sem falla innan gildissviðs þessarar reglugerðar, með viðeigandi aðlögunum, ef nauðsyn krefur.“

2. Ákvæði 5. gr. falli brott.

3. Í stað 6. og 7. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„6. Án þess að það hafi áhrif á 8. og 9. gr. skal útgáfa starfsleyfa til handa veitendum flugleiðsöguþjónustu fela í sér möguleika á að þeir bjóði þjónustu sína aðildarríkjum, öðrum veitendum flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotendum og flugvöllum innan Bandalagsins.

7. Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu hafa eftirlit með því hvort farið sé að sameiginlegum kröfum og skilyrðum sem fylgja starfsleyfunum. Upplýsingar um slíkt eftirlit skulu færðar í ársskýrslur sem aðildarríkin skulu leggja fram skv. 1. mgr. 12. gr. rammareglugerðarinnar. Ef landsbundið eftirlitsyfirvald kemst að því að handhafi starfsleyfis fullnægir ekki lengur slíkum kröfum eða skilyrðum skal það gera viðeigandi ráðstafanir en tryggja um leið samfelldni þjónustunnar að því tilskildu að öryggi sé ekki stofnað í hættu. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér afturköllun starfsleyfisins.“

4. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Tilnefning veitenda flugleiðsöguþjónustu

1. Aðildarríki skulu tryggja einkarétt á veitingu flugleiðsöguþjónustu innan tiltekinnna loftrýmisumdæma að því er varðar loftrými sem eru á þeirra ábyrgð. Í því skyni skulu aðildarríkin tilnefna veitanda flugleiðsöguþjónustu sem hefur gilt starfsleyfi í Bandalaginu.

2. Við veitingu þjónustu yfir landamæri skulu aðildarríkin tryggja að réttarkerfi þeirra komi ekki í veg fyrir að farið sé að þessari grein og 3. mgr. 10. gr. en þar er þess krafist að veitendur flugleiðsöguþjónustu í loftrýminu sem eru á ábyrgð þess aðildarríkis:

- sé í eigu, annaðhvort í beinni eigu eða meirihlutaeigu, aðildarríkisins eða ríkisborgara þess,
- séu með aðalstarfsstöð sína eða skráða skrifstofu á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða

c) noti aðeins aðstöðu í því aðildarríki.

3. Aðildarríkin skulu skilgreina réttindi og skyldur sem tilnefndir veitendur flugumferðarþjónustu eiga að uppfylla. Skyldurnar geta falið í sér skilyrði fyrir tímanlega afhendingu viðeigandi upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að greina allar hreyfingar loftfars í loftrýminu sem er á ábyrgð aðildarríkjanna.

4. Aðildarríki skulu hafa rétt til að velja veitanda flugumferðarþjónustu, að því tilskildu að hinn síðarnefndi uppfylli kröfurnar og skilyrðin sem um getur í 6. og 7. gr.

5. Að því er varðar starfræn loftrýmisumdæmi, sem er komið á fót í samræmi við 9. gr. a og ná yfir loftrými á ábyrgð fleiri en eins aðildarríkis, skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilnefna sameiginlega einn eða fleiri veitendur flugleiðsöguþjónustu í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, a.m.k. einum mánuði áður en loftrýmisumdæminu er hrint í framkvæmd.

6. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum tafarlaust um allar ákvarðanir, sem teknar eru innan ramma þessarar greinar, að því er varðar tilnefningu veitenda flugleiðsöguþjónustu innan tiltekinnna loftrýmisumdæma sem eru á ábyrgð þeirra.“

5. Eftirfarandi greinar bætist við:

„9. gr. a

Starfræn loftrýmisumdæmi

1. Eigi síðar en 4. desember 2012 skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd starfrænu loftrýmisumdæmanna með það í huga að ná tilskildum afköstum og skilvirkni netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar innan samevrópska loftrýmisins ásamt því að viðhalda háu öryggisstigi og bæta heildarframmistöðu flugsamgöngukerfisins og draga úr umhverfisáhrifum. Aðildarríkin skulu vinna saman eins mikið og mögulegt er, sérstaklega aðildarríki sem eru að koma á fót starfrænum loftrýmisumdæmum, til að tryggja að farið sé að þessu ákvæði. Þar sem það á við, getur samvinnan náð til þriðju landa sem eru hluti af starfrænu loftrýmisumdæmunum.

2. Starfræn loftrýmisumdæmi skulu m.a.:

- byggjast á greiningu á öryggi,
- gera mögulegt að hámarka nýtingu loftrými, að teknu tilliti til flæðis flugumferðar,
- tryggja samræmi við evrópskt net flugleiða sem komið var á fót í samræmi við 6. gr. í loftrýmisreglugerðinni,

- d) rökstudd með heildarvirðisauka þeirra, þ.m.t. hámarksnýting tæknilegra úrræða og mannauðs á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar,
- e) tryggja snurðulausa og sveigjanlega færslu ábyrgðar á flugumferðarstjórn milli flugumferðarþjónustudeilda,
- f) tryggja samhæfingu á milli mismunandi skilgreiningar loftrýmis, m.a. með því að hámarka nýtingu núverandi flugupplýsingasvæða,
- g) uppfylla skilyrði sem leiða af svæðisbundnum samningum sem eru gerðir innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
- h) virða svæðisbundna samninga sem eru í gildi á þeim degi sem reglugerð þessi tekur gildi, einkum þá sem snerta þriðju lönd í Evrópu og
- i) auðvelda samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Bandalaginu.

3. Einungis skal koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi með samhljóða ályktun allra aðildarríkjanna og, eftir því sem við á, þriðju landa sem bera ábyrgð á einhverjum hluta loftrýmisins sem telst til starfræna loftrýmisumdæmisins. Áður en framkvæmdastjórninni er tilkynnt um stofnun starfræns loftrýmisumdæmis, skulu viðkomandi aðildarríki veita framkvæmdastjórninni, hinum aðildarríkjunum og öðrum hagsmunaaðilum fullnægjandi upplýsingar og gefa þeim tækifæri til að leggja fram athugasemdir.

4. Þar sem starfrænt loftrýmisumdæmi tengist loftrými sem er algerlega eða að hluta til á ábyrgð tveggja eða fleiri aðildarríkja skal samningurinn, sem starfræna loftrýmisumdæmið byggist á, hafa að geyma nauðsynleg ákvæði um það hvernig breyta megi umdæminu og hvernig aðildarríki getur dregið sig út úr því, þ.m.t. ákvæði um umbreytingarfyrirkomulag.

5. Ef upp koma erfiðleikar á milli tveggja eða fleiri aðildarríkja vegna starfræns loftrýmisumdæmis yfir landamæri, er varðar loftrými á þeirra ábyrgð, mega hlutaðeigandi aðildarríki í sameiningu leita álits hjá nefndinni um samevrópskt loftrými. Álitinu skal skilað til hlutaðeigandi aðildarríkja. Með fyrirvara um 3. mgr. skulu aðildarríkin taka tillit til þessa álits við lausn mála.

6. Eftir að hafa móttækið tilkynningar aðildarríkjanna um samninga og yfirlýsingar, sem um getur í 3. og 4. mgr., skal framkvæmdastjórnin meta hvort sérhvert starfrænt loftrýmisumdæmi hefur fullnægt kröfunum, sem settar eru fram í 2. mgr., og kynna niðurstöðurnar innan nefndar um samevrópskt loftrými þar sem þær verða ræddar. Ef framkvæmdastjórnin telur að eitt eða fleiri starfræn loftrýmisumdæmi fullnægi ekki kröfunum skal hún stofna til viðræðna við viðkomandi aðildarríki með það að markmiði að ná almennu samkomulagi um nauðsynlegar ráðstafanir til að gera úrbætur á ástandinu.

7. Með fyrirvara um 6. mgr. skulu samningarnir og yfirlýsingarnar, sem um getur í 3. og 4. mgr., tilkynnt framkvæmdastjórninni til birtingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Í tengslum við þessa birtingu skal tilgreina hvenær viðkomandi ákvörðun tekur gildi.

8. Þróa skal leiðbeinandi efni um stofnun og breytingar á starfrænum loftrýmisumdæmum, eigi síðar en 4. desember 2010, í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

9. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 4. desember 2011, og í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, samþykkja framkvæmdarreglur um þær upplýsingar sem viðkomandi eitt eða fleiri aðildarríki eiga að útvega áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt, í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

9. gr. b

Samræmingaraðili starfræna loftrýmisumdæma

1. Til að auðvelda stofnun starfræna loftrýmisumdæma, getur framkvæmdastjórnin tilnefnt einstakling sem samræmingaraðila starfrænu loftrýmisumdæmanna (samræmingaraðilinn). Framkvæmdastjórnin skal fylgja reglunefndarmeðferðinni sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

2. Með fyrirvara um 5. mgr. 9. gr. a skal samræmingaraðilinn, að beiðni allra hlutaðeigandi aðildarríkja og, eftir því sem við á, þriðju landa sem eru hluti af sama starfræna loftrýmisumdæminu, aðstoða þau við að sigrast á erfiðleikum í tengslum við samningaferlið til að flýta fyrir stofnun starfrænu loftrýmisumdæmanna. Samræmingaraðilinn skal starfa á grundvelli umboðs frá öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum og, eftir því sem við á, þriðju löndum sem eru hluti af sama starfræna loftrýmisumdæminu.

3. Samræmingaraðilinn skal starfa af óhlutdrægni, einkum með tilliti til aðildarríkja, þriðju landa, framkvæmdastjórnarinnar og hagsmunaaðila.

4. Samræmingaraðilinn skal ekki birta upplýsingar sem hann hefur móttækið í tengslum við starf sitt nema hann hafi heimild til þess af hálfu eins eða fleiri aðildarríkja og, eftir því sem við á, hlutaðeigandi þriðju landa.

5. Samræmingaraðilinn skal gefa framkvæmdastjórninni, nefnd um samevrópskt loftrými og Evrópuþinginu skýrslu á þriggja mánaða fresti eftir að hann hefur fengið tilnefningu. Skýrslan skal innihalda samantekt um samningaviðræður og niðurstöður þeirra.

6. Umboð samræmingaraðilans rennur út þegar síðasti samningurinn um starfrænt loftrýmisumdæmi hefur verið undirritaður en eigi síðar en 4. desember 2012.“

6. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Samstarf við hermálafyrirvöld

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við sameiginlega stefnu í flutningamálum til að tryggja að gert sé skriflegt samkomulag eða sambærileg lagaráðstöfun eða hún endurnýjuð milli borgaralegra yfirvalda og hermálafyrivalda að því er varðar stjórnun tiltekinnna loftrýmisumdæma.“

7. Í stað 3. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„3. Þegar veitendur flugleiðsöguþjónustu bjóða þjónustupakka skulu þeir tilgreina og greina frá kostnaði og tekjum af flugleiðsöguþjónustu, sundurliðuð í samræmi við gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu, sem um getur í 14. gr., og þeir skulu, eftir því sem við á, halda samstæðureikninga fyrir aðra þjónustu, sem tengist ekki flugleiðsöguþjónustu, á sama hátt og krafist yrði af heim ef þjónustan, sem um er að ræða, væri veitt af aðskildum fyrirtækjum.“

8. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

Almennt

Í samræmi við kröfurnar í 15. og 16. gr. skal gjaldtökukerfið fyrir flugleiðsöguþjónustu stuðla að auknu gagnsæi í ákvörðunum, álagningu og gjaldtöku af hálfu loftrýmisnotenda og stuðla að kostnaðarhagkvæmni við veitingu flugleiðsöguþjónustu og skilvirkni flugs en samtímis að viðhalda hámarksöryggisstigi. Þetta kerfi skal einnig vera í samræmi við 15. gr. Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningsflug frá 1944 og leiðargjaldakerfi Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.“

9. Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Meginreglur

1. Gjaldtökukerfið skal byggjast á kostnaði sem veitendur flugleiðsöguþjónustu stofna til við veitingu hennar til hagsbóta fyrir loftrýmisnotendur. Kerfið deilir þessum kostnaði á mismunandi notendahópa.

2. Eftirfarandi meginreglum skal beitt við ákvörðun kostnaðargrunns fyrir gjöld:

- a) kostnaður, sem loftrýmisnotendur deila með sér, skal vera ákvarðaður kostnaður við veitingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. viðeigandi fjárhæð fyrir vöxtum af fjárfestingum og afskriftum eigna svo og kostnaður af viðhaldi, rekstri, stjórnun og stjórnsýslu; ákvarðaður kostnaður skal vera sá kostnaður sem ákveðinn er af hálfu aðildarríkis á landsvísi eða á vettvangi starfrænu loftrýmis

umdæmanna annaðhvort við upphaf viðmiðunartímabils hvers almanaksárs, að því er varðar viðmiðunartímabilið sem um getur í 11. gr. rammareglugerðarinnar eða meðan á viðmiðunartímabili stendur, í kjölfar viðeigandi aðlögunar við innleiðingu viðbúnaðarkerfisins sem sett er fram í 11. gr. rammareglugerðarinnar,

- b) kostnaður, sem taka skal tillit til í þessu samhengi, skal vera sá kostnaður sem metinn er í tengslum við búnað og þjónustu sem kveðið er á um og komið í framkvæmd samkvæmt svæðisbundinni flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið. Hann getur einnig falið í sér kostnað sem landsbundin eftirlitsyfyrirvöld og/eða hæfir aðilar hafa stofnað til svo og annan kostnað sem stofnað er til af viðeigandi aðildarríki og þjónustuveitanda í tengslum við veitingu flugleiðsöguþjónustu; hann skal hvorki fela í sér kostnað vegna sekta, sem aðildarríkin leggja á skv. 9. gr. í rammareglugerðinni, né kostnað vegna ráðstafana til úrbóta sem aðildarríkin leggja á í samræmi við 11. gr. rammareglugerðarinnar,
- c) að því er varðar starfrænu loftrýmisumdæmin og sem hluti af viðkomandi rammasamningum, skulu aðildarríkin leggja sig fram um að ná samkomulagi um sameiginlegar meginreglur um gjaldtökustefnu,
- d) kostnaður við mismunandi flugleiðsöguþjónustu skal tilgreindur sérstaklega, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 12. gr.,
- e) víxlniðurgreiðsla skal ekki leyfð á milli leiðarþjónustu og aðflugssvæðarþjónustu; kostnaði, sem lýtur bæði að aðflugssvæðarþjónustu og leiðarþjónustu, skal skipt hlutfallslega á milli leiðarþjónustu og aðflugssvæðarþjónustu á grundvelli gagnsærra aðferða; víxlniðurgreiðsla skal einungis leyfð á milli mismunandi flugleiðsöguþjónustu í öðrum hvorum þessara tveggja flokka þegar hún er réttlætunleg af hlutlægum ástæðum og að því tilskildu að hún sé greinilega tilgreind,
- f) tryggt skal að kostnaðargrunnur gjaldanna sé gagnsær. Samþykkja skal framkvæmdarreglur um upplýsingar sem þjónustuveitanda ber að veita til að unnt sé að gera úttekt á áætlunum hans, raunkostnaði og tekjum. Landbundin eftirlitsyfyrirvöld, þjónustuveitendur, loftrýmisnotendur, framkvæmdastjórnin og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu skulu skiptast reglulega á upplýsingum.
3. Aðildarríkin skulu fara að eftirfarandi meginreglum við ákvörðun gjalda í samræmi við 2. gr.:
- a) ákvarða skal gjöld fyrir aðgang að flugleiðsöguþjónustu án mismununar; þegar gjöld eru lögð á mismunandi loftrýmisnotendur fyrir not af sömu þjónustu skal ekki gera greinarmun á þjóðerni notenda eða notendahópi,

- b) heimilt er að veita undanþágu fyrir tiltekna notendur, einkum létt loftför og ríkisloftför, að því tilskildu að kostnaður við slíka undanþágu leggist ekki á aðra notendur,
- c) gjöld skulu ákveðin miðað við almanaksárið á grundvelli ákvarðaðs kostnaðar en einnig er hægt að ákvarða hann samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkin setja til að ákveða hámarksgildi einingarverðs yfir tímabil sem ekki er lengra en fimm ár,
- d) tekjur af flugleiðsöguþjónusta geta verið svo miklar að þær skapi sanngjarnan arð af eignum sem hefur í för með sér nauðsynlegar endurbætur fjármuna,
- e) gjöld skulu endurspegla kostnað af flugleiðsöguþjónustu og búnaði sem notendum loftrýmis stendur til boða, að teknu tilliti til hlutfallslegrar afkastagetu mismunandi tegunda viðkomandi loftfara,

- f) gjöld skulu hvetja til þess að flugleiðsöguþjónustan sé veitt á öruggan, skilvirkan, árangursríkan og sjálfbæran hátt með það í huga að viðhafa hátt öryggisstig og kostnaðarhagkvæmni, uppfylla frammistöðumarkmið og örva samþættingu þjónustuveitingar en samtímis að draga úr umhverfisáhrifum flugs. Í því skyni, og í tengslum við frammistöðuáætlanir landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma, mega landsbundin eftirlitsyfirvöld koma á fót kerfi, þ.m.t. hvatakerfi, sem fela í sér fjárhagslega kosti og ókosti, til að hvetja veitendur flugleiðsöguþjónustu og/eða loftrýmisnotendur til að styðja við úrbætur á sviði veitingar flugleiðsöguþjónustu s.s. aukin afköst, færri seinkanir og sjálfbær þróun en samtímis að viðhalda hámarksöryggisstigi.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar framkvæmdarreglur um þessa grein í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. þessarar rammareglugerðar.“

10. Eftirfarandi grein bætist við:

„15 gr. a

Sameiginleg verkefni

1. Sameiginleg verkefni geta stuðlað að árangursríkri framkvæmd mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar. Slík verkefni skulu styðja við markmið þessarar reglugerðar um að bæta frammistöðu evrópska flugkerfisins á meginsviðum, t.d. á sviði afkastagetu, flugumferðar og kostnaðarhagkvæmni ásamt sjálfbærni umhverfisins, innan brýnna öryggismarkmiða.

2. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, samið leiðbeiningar um það hvernig slík verkefni geta stuðlað að framkvæmd mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar. Slíkar leiðbeiningar skulu ekki hafa áhrif á kerfi sem nýta slík verkefni að því er varðar

starfræn loftrýmisumdæmi sem aðilar innan þessara umdæma hafa samþykkt.

3. Framkvæmdastjórnin getur líka ákveðið, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, að koma af stað sameiginlegum verkefnum er varða starfsemi neta sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir úrbætur á heildarframmistöðu rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu í Evrópu. Sameiginleg verkefni af þessu tagi teljast uppfylla skilyrði til að hljóta fjárframlög frá Bandalaginu innan fjárhagsramma til margra ára. Í þessu skyni, og með fyrirvara um heimild aðildarríkjanna til að ákvarða á hvern hátt eigi að nota eigið fjármagn, skal framkvæmdastjórnin framkvæma sjálfstæða kostnaðar- og ábatagreiningu og hafa víðeigandi samráð við aðildarríkin og viðkomandi hagsmunaaðila í samræmi við 10. gr. rammareglugerðarinnar, þar sem skoðuð eru öll víðeigandi úrræði til að fjármagna notkun hennar. Endurheimta skal aðstoðarhæfan kostnað í tengslum við notkun sameiginlegra verkefna í samræmi við meginreglur um gagnsæi og bann við mismunun.“

11. Eftirfarandi komi í stað 16.-18. gr.:

„16. gr.

Endurskoðun á því hvort samræmis sé gætt

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, kveða á um stöðuga endurskoðun á því hvort farið sé að meginreglunum og reglum sem um getur í 14. og 15. gr. Framkvæmdastjórnin skal kappkosta að koma á nauðsynlegum kerfum til að nýta sérþekkingu Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu og deila niðurstöðum endurskoðunarinnar með aðildarríkjum, Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu og fulltrúum loftrýmisnotenda.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja, sem telja að meginreglum og reglum, sem um getur í 14. og 15. gr., hafi ekki verið beitt á réttan hátt, eða að eigin frumkvæði, láta fara fram rannsókn á hvers konar staðhæfingum þess efnis að ekki sé farið að viðkomandi meginreglum og/eða reglum eða þeim ekki beitt á réttan hátt. Með fyrirvara um 1. mgr. 18. gr. skal framkvæmdastjórnin deila niðurstöðum rannsókna með aðildarríkjunum, Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu og fulltrúum loftrýmisnotenda. Framkvæmdastjórnin skal, innan tveggja mánaða frá móttöku beiðninnar, eftir að hafa veitt hlutaðeigandi aðildarríki áheyrn og eftir að hafa haft samráð við nefndina um samevrópskt loftrými í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 5 gr. rammareglugerðarinnar, taka ákvörðun um beitingu 14. og 15. gr. í þessari reglugerð og hvort halda megi viðkomandi beitingu áfram.

3. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til aðildarríkjanna og tilkynna þjónustuveitandanum um hana, svo fremi hann hafi lögmetra hagsmuna að gæta. Hvert aðildarríki má vísa ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins innan eins mánaðar. Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan eins mánaðar.

17. gr.

Endurskoðun á viðaukum

Ráðstafanir, sem voru ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í viðaukunum, með það að markmiði að taka tækni- eða rekstrarþróun með í reikninginn, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að beita flýtimeðferðinni sem um getur í 5. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

18. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Hvorki landsbundin eftirlitsyfirvöld, sem starfa í samræmi við eigin löggjöf, né framkvæmdastjórnin mega birta upplýsingar sem leynd hvílir yfir, einkum þegar um er að ræða upplýsingar um veitendur flugleiðsöguþjónustu, viðskiptasambönd þeirra eða kostnaðarþætti.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á rétt viðkomandi landsbundinna eftirlitsyfirvalda eða framkvæmdastjórnarinnar til að birta upplýsingar þegar það er nauðsynlegt til að þau geti gegnt skyldum sínum en í slíkum tilvikum skal einungis birta nauðsynlegar upplýsingar og taka tillit til réttmætra hagsmuna veitenda flugleiðsöguþjónustu, loftrýmisnotenda eða annarra hagsmunaaðila af því að varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Upplýsingar og gögn, sem kveðið er á um samkvæmt gjaldtökukerfinu sem um getur í 14. gr., skulu birt opinberlega.“

12. Eftirfarandi grein bætist við:

„18. gr. a

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 4. desember 2012, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem lagt er mat á lagaleg, öryggisleg, iðnaðarleg, efnahagsleg og félagsleg áhrif beitingar meginreglna markaðarins við að veita þjónustu á sviði fjarskipta, leiðsögu, kögunar og upplýsingaþjónustu flugmála, í samamburði við gildandi eða aðrar skipulagsreglur og með tilliti til þróunar innan starfrænu loftrýmisumdæmanna og tiltækra tækni.“

13. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL HÆFRA AÐILA“,

b) í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi texti:

„Hæfir aðilar verða að:“

3. gr.

Reglugerð (EB) nr. 551/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 2. gr. falli brott,

2. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Efra flugupplýsingasvæði Evrópu (EUR)

1. Bandalagið og aðildarríkin skulu stefna að því að koma á sameiginlegu efra flugupplýsingasvæði Evrópu sem Alþjóðaflugmálastofnunin viðurkennir. Í því tilliti skal framkvæmdastjórnin, þegar um er að ræða málefni sem heyra undir valdsvið Bandalagsins, leggja tillögu fyrir ráðið í samræmi við 300. gr. sáttmáls eigi síðar en 4. desember 2011.

2. Efra flugupplýsingasvæði Evrópu skal hannað þannig að það nái yfir loftrými, sem er á ábyrgð aðildarríkjanna í samræmi við 3. mgr. 1. gr., og geti einnig tekið til loftrýmis þriðju landa í Evrópu.

3. Stofnun efra flugupplýsingasvæðis Evrópu skal ekki hafa áhrif á ábyrgð aðildarríkjanna, að því er varðar tilnefningu veitenda flugumferðarþjónustu fyrir loftrýmið sem er á þeirra ábyrgð í samræmi við 1. mgr. 8. gr. þjónustureglugerðarinnar.

4. Aðildarríkin skulu viðhalda ábyrgð sinni gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni innan landfræðilegra marka efrri flugupplýsingasvæðanna og flugupplýsingasvæðanna sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur úthlutað þeim á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

3. Eftirfarandi grein bætist við:

„3 gr. a

Rafrænar flugmálaupplýsingar

1. Með fyrirvara um birtingu flugmálaupplýsinga af hálfu aðildarríkjanna og með þeim hætti sem samrýmist þeirri birtingu, skal framkvæmdastjórnin, í samvinnu við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, tryggja aðgengi að rafrænum flugmálaupplýsingum af miklum gæðum, að þær séu settar fram á samræmdan hátt og þær uppfylli kröfur allra viðeigandi notenda að því er varðar gæði gagna og tímanleika.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin:

a) tryggja þróun flugtæknilégs upplýsingagrunnvirkis í gervöllu Bandalaginu í formi rafrænnar, samþættrar upplýsingagáttar sem hagsmunaaðilar hafa óheftan aðgang að; grunnvirkið skal samþætta aðgang að nauðsynlegum gögnum og útvegum þeirra, t.d., en ekki eingöngu, flugmálaupplýsinga, upplýsinga frá Tilkynningastöð flugumferðarþjónustu (ARO), veðurfræðilegra upplýsinga og upplýsinga um flæðistjórnun,

b) styðja nútímavæðingu og samhæfingu á sviði veitingar flugmálaupplýsinga í víðasta skilningi í nánú samstarfi við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu og Alþjóðaflugmálastofnunina.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar framkvæmdarreglur um þessa grein í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.“

4. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Flugreglur og skipun loftrýmis í flokk

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, samþykkja framkvæmdarreglur til þess:

a) að samþykkja víðeigandi ákvæði um flugreglur á grundvelli staðals Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og starfsvenja sem mælt er með,

b) að samræma beitingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á skipun loftrýmis í flokk, með víðeigandi breytingum, til að tryggja að örugg og skilvirk flugumferðarþjónusta sé veitt á samfelldan hátt innan samevrópska loftrýmisins.“

5. Ákvæði 5. gr. falli brott.

6. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Stjórnun og hönnun nets

1. Starfsemi neta á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar skal gera kleift að hámarksnýta loftrými og tryggja að loftrýmisnotendur geti starfrækt þær flugleiðir sem þeir kjósa en samtímis að heimila eins mikinn aðgang að loftrými og flugleiðsöguþjónustu og mögulegt er. Þessi starfsemi neta skal miða að því að styðja við framtaksverkefni á landsvísu og á vettvangi starfrænu loftrýmisumdæmanna og skal hún fara fram á þann hátt að aðgreining á milli eftirlits- og rekstrarverkefna sé virt.

2. Til að ná þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr. og með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna, að því er varðar flugleiðir og skipulag loftrýmis innanlands, skal framkvæmdastjórnin tryggja að eftirfarandi verkefni séu unnin:

a) hönnun evrópska flugleiðakerfisins,

b) samræming takmarkaðra úrræða innan flugtiðnisviða sem notuð eru í almennri flugumferð, sérstaklega tíðni fyrir þráðlausar sendingar ásamt samræmingu ratsjársvarakóða.

Sú starfsemi sem tilgreind er í fyrstu undirgrein skal hvorki fela í sér samþykkt á bindandi ráðstöfunum á almennu gildissviði né beitingu pólitísku mats. Í henni skal tekið tillit til tillagna sem eru ákvarðaðar á landsvísu og á vettvangi starfrænu loftrýmisumdæmanna. Starfsemin skal fara fram í samráði við hermálafyrirvöld í samræmi við umsamda málsmeðferð varðandi sveigjanlega notkun loftrýmis.

Framkvæmdastjórnin getur, í samráði við nefnd um samevrópskt loftrými og í samræmi við framkvæmdarreglurnar, sem um getur í 4. mgr., falið Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða öðrum óhlutdrægum og þar til bærum aðila, þau verkefni sem nauðsynleg eru til að framkvæma þau verkefni sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein. Þessi verkefni skulu framkvæmd á óhlutdrægan og kostnaðarhagkvæman hátt og skulu framkvæmd af hálfu aðildarríkja og hagsmunaaðila. Þau skulu falla undir víðeigandi stjórn, sem viðurkennir aðgreiningu ábyrgðar að því er varðar þjónustuveitingu og reglusetningu, að teknu tilliti til þarfa alls netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og með fullri þátttöku loftrýmisnotenda og veitenda flugleiðsöguþjónustu.

3. Framkvæmdastjórnin getur bætt við verkefnum á verkefnaskrána í 2. mgr., að höfðu víðeigandi samráði við hagsmunaaðila í atvinnugreininni. Þessar ráðstafanir, sem eru ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

4. Ítarlegar reglur um framkvæmd ráðstafanna, sem um getur í þessari grein, að undanskildum þeim sem um getur í 6. - 9. mgr., skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar. Þessar framkvæmdareglur skulu einkum fjalla um:

a) samræmingu og samhæfingu ferla og verklagsreglna til að auka skilvirkni á sviði tíðnistjórnunar fyrir flug, þ.m.t. þróun meginreglna og viðmiðana,

b) það meginhlutverk að samræma tímanlega auðkenningu og úrlausn á tíðniþörfum á þeim tíðnisviðum sem evrópski almennri flugumferð hefur verið úthlutað til að styðja hönnun og rekstur evrópska flugnetsins,

c) viðbótarstarfsemi neta eins og skilgreint er í mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar,

d) nákvæmt fyrirkomulag sameiginlegrar ákvarðanatöku meðal aðildarríkja, veitenda flugleiðsöguþjónustu og þeirra sem annast netstjórnun að því er varðar þau verkefni sem um getur í 2. mgr.,

e) fyrirkomulag samráðs við viðkomandi hagsmunaaðila í ákvarðanatökuferlinu, bæði á landsvísu og á evrópskum vettvangi og

f) innan tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar sem Alþjóðafjarskiptasambandið úthlutar almennri flugumferð, deilingu verkefna og ábyrgðar á milli þeirra sem annast netstjórnun og landsbundinna tíðnistjórnenda með því að tryggja að landsbundin tíðnistjórnunarverkefni haldi áfram að sinna þeim tíðniverkefnum sem hafa engin áhrif á netið. Í þeim tilvikum þar sem áhrifa gætir ekki á netið skulu landsbundin tíðnistjórnendur vera í samstarfi við þá sem bera ábyrgð á netstjórnunarverkefnum til að hámarka notkun tíðnanna.

5. Aðrar hliðar á hönnun loftrýmis en þær sem um getur í 2. mgr. skulu meðhöndlaðar á landsvisu eða á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma. Við hönnunarferlið skal taka tillit til þarfa umferðar og flækjustigs, frammistöðuáætlana landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma og fullt samráð skal haft við viðkomandi loftrýmisnotendur eða viðkomandi hópa fulltrúa loftrýmisnotenda og hermálafyrvalda, eins og við á.

6. Aðildarríkin skulu fela Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða öðrum óhlutdrægum og þar til bærum aðila framkvæmd flæðistjórnunar flugumferðar, sbr. þó viðeigandi fyrirkomulag eftirlits.

7. Setja skal framkvæmdareglur um flæðisstjórnun flugumferðar, þ.m.t. nauðsynlegt fyrirkomulag eftirlits, í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. í rammareglugerðinni og samþykkja þær í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar, með það í huga að hámarka tiltæka afkastagetu til nýtingar loftrýmis og efla flæðistjórnunarferli flugumferðar. Þessar reglur skulu byggjast á gagnsæi og skilvirkni og tryggja að þessi nýtingargeta sé látin í té á sveigjanlegan og tímanlegan hátt í samræmi við tilmæli svæðisbundinnar flugleiðsöguáætlunar Alþjóðafflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið.

8. Framkvæmdarreglurnar um flæðisstjórnun flugumferðar skulu styðja rekstrarákvæðanir veitenda flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðila flugvalla og loftrýmisnotenda og skulu reglurnar taka til eftirfarandi þátta:

- gerð flugáætlana,
- notkunar tiltækrar loftrýmisgetu á öllum stigum flugs, þ.m.t. úthlutun afgreiðslutíma og
- notkunar flugleiða í almennri flugumferð, þ.m.t.

— útgáfa sameiginlegs rits um stefnumið fyrir flugleiðir og flugumferð,

— möguleikar á að beina almennri flugumferð frá svæðum þar sem flugumferð er mikil og

— forgangsreglur varðandi aðgang að loftrými fyrir almenna flugumferð, einkum á álags- og hættutímum.

9. Við þróun og samþykki framkvæmdarreglnanna skal framkvæmdastjórnin, eins og við á og án þess að hafa áhrif á öryggi, taka tillit til samræmis á milli flugáætlana og afgreiðslutíma flugvalla og nauðsynlegrar samræmingar við aðliggjandi svæði.“

7. Ákvæði 9. gr. falli brott.

4. gr.

Reglugerð (EB) nr. 552/2004 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Valkvæð sannprófun á samræmi

Starfsleyfi, sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu [], þar sem það á við um kerfishluti eða kerfi, telst vera, að því er varðar 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar, EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi eða EB-sannprófunaryfirlýsing, ef það felur í sér að farið sé að ákvæðum grunnkrafna þessarar reglugerðar og viðeigandi framkvæmdarreglna um rekstrarsamhæfi.

(*) Stjtid. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.“

2. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Endurskoðun viðauka

Ráðstafanir sem eru ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í viðaukunum, til þess að taka með í reikninginn tæknilega og rekstrarlega þróun, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 5. gr. rammareglugerðarinnar.

3. Í 10. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„2a. Að því er varðar 2. mgr. þessarar greinar, geta aðildarríkin lýst yfir að kerfi og kerfishlutar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar uppfylli grunnkröfurnar og séu undanþegin ákvæðum 5. og 6. gr.“

4. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) í stað fyrstu málsgreinar 2. liðar í A-hluta komi eftirfarandi:

„Evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfi þess og kerfishlutar skulu styðja, á samræmdum grunni, nýjar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir sem auka gæði, sjálfbærni og skilvirkni flugleiðsöguþjónustu, einkum með tilliti til öryggis og afkasta.“

- b) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

- i. í stað fyrstu málsgreinar liðar 3.1.2 komi eftirfarandi:

„Fluggagnavinnskulerfi skulu vera þannig gerð að hægt sé að nýta smám saman þróaðar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir fyrir öll stig flugs, sérstaklega eins og fyrirhugað er í mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar.“

- ii. Í stað liðar 3.2.2 komi eftirfarandi:

„3.2.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Kögunargagnavinnskulerfi skulu vera þannig gerð að hægt sé að nýta nýjar

kögunarupplýsingalindir, sem smám saman verða tiltækar, til að bæta gæði þjónustunnar í heild, sérstaklega eins og fyrirhugað er í mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar.“

- iii. Í stað liðar 4.2 komi eftirfarandi:

„4.2. Stuðningur við nýjar rekstrarhugmyndir

Fjarskiptakerfi skulu styðja að innleiddar séu þróaðar, umsamdar og fullgiltar rekstrarhugmyndir fyrir öll stig flugs, sérstaklega eins og fyrirhugað er í heildaráætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. og 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 eins og henni var breytt með þessari reglugerð, skulu gilda frá þeim dögum sem tilgreindir eru í viðkomandi framkvæmdarreglum en eigi síðar en 4. desember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 21. október 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. MALMSTRÖM

forseti.